

## Fjallskilaákvæði

fyrir Vesturskaptafellssýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

### Fjallskilaákvæði

til bráðabyrgðar fyrir Vesturskaptafellssýslu um sauðfjármörk, sem eru samin af sýslunefndinni þar og skulu ákvæði þessi öðlast gildi 1. septbr. 1897.

Almenna markaskrá fyrir sýsluna skal semja 10. hvert ár. Fyrir prentun marks í skránni greiði hver markeigandi í sýslusjóð 50 auro í hvert sinn. Nú vill einhver taka upp nýtt sauðfjármörk og skal hann þá tilkynna það fyrir 20. júní oddvita hreppsnefndar, en oddvitarnir senda til sýslumanns skrá yfir nýupptekin mörk fyrir júlilok og birtir hann þau í opinberu blaði. — Fyrir mörk, er þannig eru tekin upp, skal greiða 1 kr., og sama er um þá, er flytja nýtt mörk inn í sýsluna. Eigi má í sýslunni marka sauðfje undir önnur mörk, en þau, er þannig eru auglýst, er hjer segir. — Brot gegn þessu varða sektum, allt að 50 kr. til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, og skal farið með þau mál, sem opber lögreglumál.

Amtsráð Suðuramtsins. Reykjavík, 24. júní 1897.

*J. Havsteen.*

## Reglugjörð

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar.

### I. Kafi.

Um stjórn fjallskilamála.

#### 1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafjelag, sem sýslunefndin skiptir í deildir eptir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum innbyrðis í deildunum.

#### 2. gr.

Nú eru 2 eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd tjeð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eptir því sem reglugjörð þessi mælir fyrir.